Innvortis og útvortis

MYNDLIST

Ásmundarsafn, Sigtúni

HÖGGMYNDIR RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

Til 13. maí. Opið daglega frá kl. 13–16.

MANNSLÍKAMINN hefur verið helsta viðfangsefni myndhöggvara frá því fagið varð til á forsögulegum tíma, eða fyrir um 30 þúsund árum. Sé þess gætt að myndlist öðlaðist sérstæða merkingu sem veraldleg iðja á Grikklandi til forna með ofuráherslu þarlendra myndhöggvara á túlkun mannlegs líkamsburðar verður varla sagt að Ragnhildur Stefánsdóttir sé að færa okkur nýjan sannleik í efnisvali. Hitt er miklu nær að hún birti okkur nýja sýn á kroppinn; sýn sem er í samræmi við endurvakinn áhuga okkar á fyrirbærinu á tímum ómælisframfara í læknis-, erfða- og taugasálfræði.

Ólíkt öllum þeim aragrúa listamanna sem fengist hafa við líkamslist á undanförnum áratugum virðist Ragnhildur laus við beina tilvistarlega skírskotun. Hún hafnar samasemmerkinu milli kroppasýningar og sársauka – ódulbúinnar birtingar kvalalosta og sjálfspyntingarhvatar – en slík tvíliða hefur verið nær einráð í líkamslist okkar tíma. Engin sálarkreppa á borð við afskræmingu Bacons, einangrun Giacomettis eða skepnuskap Naumans gerir vart við sig í list hennar. Þar bíður tilvistarhyggjan fullkominn ósigur fyrir fyrirbærafræðinni, þeirri einlægu undrun sem við verðum fyrir frammi fyrir jafnóræðum hlut og mannslíkamanum.


Á meðan kollegar Ragnhildar hamast við að opinbera líðan sína með sérkennilega narkissískum hætti, spyr hún hlutlægra spurninga um eðli líkamans; spurninga sem eru mun áhugaverðari en allt pínu- og kvalatal í ljósi þeirra uppgötvana sem yfir okkur hvolfast úr heimi vísinda og tækni. Bak við þessar spurningar skín í fölskvalausa afhjúpunarhvöt sem er snöggtum framsæknari en öll tilvistarleg frumspeki: Hvernig má það vera að allar þessar tilfinningar; öll þessi skynjun og stórbrotna hugsun sé bara efnafræði líffæranna; miður geðslegt innvols hrúgað saman á bakka eins og ávöxtum í körfu?

Það er eitthvað afar kaldranalegt, en um leið ofurraunhæft við slíkar vangaveltur. Ragnhildi tekst að færa okkur að rótum ótta okkar og umkomuleysis, einmitt á þann punkt þar sem forfeður okkar stóðu yfir iðrum áður sprellfjörugra samferðamanna sinna og brugðust við óbærilegum fallvaltleik tilverunnar með því að setja saman flókið kerfi væntinga sem svo heppilega vildi til að engum tókst að sanna né afsanna. Það er okkur nefnilega um megn að viðurkenna að öll okkar háleitasta sýn og fegurstu kenndir séu einber afleiðing ógeðugs og undursviplegs innyflafjörs.


Ásmundarsafn hentar verkum Ragnhildar afbragðsvel. Hlutlaust og birturíkt umhverfi þessara fegurstu sýningasala landsins myndar ákjósanlega umgjörð um frábæra sýningu hennar. Verkin sem öll eru úr gipsi og gúmi draga til sín athygli áhorfandans eins og segull enda eru þau hvert og eitt eins og minnisvarði um mannslíkamann og óendanlegar vangaveltur okkar um hann.

Halldór Björn Runólfsson

mbl.is
ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT



Á HVOLFI, ein af fjölmörgum eftirminnilegum höggmyndum Ragnhildar Stefánsdóttur í Ásmundarsafni.



***LANDSLAG,* sláandi mynd af vélbúnaði líkamans, eða fallvaltleik mannsævinnar, eftir Ragnhildi Stefánsdóttur.**

Málþing um íslenzkar bókmenntir

HOLLVINAFÉLAG heimspekideildar gengst fyrir stuttu málþingi í dag klukkan 17–19 um spurninguna „Hvað er að gerast í íslenzkum nútímabókmenntum?“ Málþingið fer fram á Kaffi Reykjavík við Vesturgötu. Öllum er heimill ókeypis aðgangur og gestir geta keypt sér veitingar á staðnum.

Frummælendur verða Dagný Kristjánsdóttir dósent og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur. Umræðum stjórnar Pétur Már Ólafsson útgáfustjóri.

Í fréttatilkynningu segir: „Til að gefa nokkra mynd af því hvers má vænta hefur Guðmundur Andri í hyggju að leggja svolítið út af hinni frægu setningu Steins Steinars um að hið hefðbundna ljóðform sé nú loksins dautt og ennfremur huga að stöðu skáldsögunnar, einkum með hliðsjón af þeim mikla fjölda sögulegra skáldsagna sem komið hefur út á síðustu árum.“

Níu kvenskáld með upplestur í Gerðarsafni

UPPLESTUR verður í kaffistofu Gerðarsafns, Listasafns Kópavogs, á vegum Ritlistarhóps Kópavogs í dag kl. 17. Að þessu sinni lesa úr verkum sínum níu kvenskáld úr Kópavogi.

Skáldin eru: Anna S. Björnsdóttir, Guðríður Lillý Guðbjörnsdóttir, Guðrún Guðlaugsdóttir, Helga K. Einarsdóttir, Kristjana E. Guðmundsdóttir, Sigríður Helga Sverrisdóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sigrún Oddsdóttir.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

1 dropi
1 mínúta
1 frábært útlit

Tafarlaust. Áhrifaríkt. Magnað.
EXTRACT OF SKIN CAVIAR FIRMING COMPLEX
Einföld andlitslyfting.
Fínar línur hverfa.
Farðinn endist lengur.
Frábært.

la prairie
SWITZERLAND

Kynning fimmtudag og föstudag kl. 13–18

HYGEA
snyrtivöruverslun
Austurstræti 16, sími 511 4511



HYGEA, Kringlunni 8–12,
HYGEA, Austurstræti 16, HYGEA, Laugavegi 23, LIBIA í Mjódd, AGNES snyrtistofa, Listhúsinu v/Engjateig, Snyrtistofan JÓNA, Hamraborg 10, Snyrtistofan MANDÝ, Laugavegi 15, GALLERÍ FÖRÐUN, Hafnargötu 25, Keflavík.

Til heiðurs Indriða Gíslasyni

BÆKUR

Greinasafn

GREINAR AF SAMA MEIÐI

Afmælisrit til heiðurs Indriða Gíslasyni. Ritstjórn: Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands 1998, 419 bls.

GREINASAFN það sem hér er til umsagnar var gefið út á síðastliðnu ári til heiðurs Indriða Gíslasyni, íslenskufræðingi og fyrrverandi prófessor við Kennaraháskóla Íslands, í tilefni sjötugsafmælis hans árið 1996. Eins og fram kemur í formála bókarinnar hefur Indriði unnið mikið og gott starf við kennslu-, fræði- og uppeldisstörf á langri starfsævi og tekur efni greinasafnsins til áhugamála hans: íslenskra fræða, kennslu- og uppeldismála. Bókinni er skipt niður í fimm hluta sem saman standa af 26 mislöngum greinum. Hlutarnir nefnast: Af skáldskap, Um móðurmálskennslu, Af tungutaki, Úr handraðanum og Af Austurlandi.

Í safninu kennir margra grasa og ekki er hægt að fjalla hér um allar greinarnar í svo stuttum ritdómi, eins og gefur að skilja, en ég mun taka nokkur dæmi til að gefa hugmynd um efni og efnistök. Það má þó ekki skiljast þannig að þær greinar sem ég læt ónefndar séu á nokkurn hátt „ómerkilegri“ en þær fáu greinar sem ég kýs að nefna, val mitt er að mörgu leyti tilviljunarkennt og vafalaust háð mínum eigin smekk og áhugasviði framar öðru.

Þótt greinarnar 26 séu að sjálfsögðu margvíslegar og ólíkar að gerð má þó greina ýmsa „rauða þræði“ í efni og efnistökum. Einn sá gildasti snýr að þeim vanda að kenna íslensk fræði í skólum á þann hátt að nemendur hafi bæði gagn og gleði af. Hér má nefna skemmtilegar greinar þeirra Örnólfs Thorssonar um fornsagnakennslu í grunnskóla, „Fornritastiginn, eða Grettir fer í grunnskóla“, og Hjalta Hugasonar, „Ást við fyrstu sýn. Mynd Guðríðar Þorbjarnardóttur í Grænlendinga sögu og Eiríks sögu rauða. Báðar þessar greinar bera vitni um mikinn vilja til að koma fornsagnaarfinum á framfæri við ungu kynslóðina á aðgengilegan og skemmtilegan máta og báðar ættu þær að geta nýst öðrum með sama markmið. Greinar þeirra Baldurs Sigurðssonar, „Orðhlutaleið í stafsetningarkennslu“, og Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur, „Kennarinn og læsi barna“, falla einnig að þessu markmiði, og reyndar fjalla allar greinarnar í kaflanum Um móðurmálskennslu á einn eða annan hátt um það hvernig móðurmálið verður best kennt í skólum.

Af greinum um skáldskap má nefna tvær greinar um kveðskap Stephans G. Stephanssonar eftir þá Baldur Hafstað og Harald Bessason og athyglisverða grein Eysteins Þorvaldssonar um kveðskap Ólafs Kárasonar ljósvíkings. Benedikt Jóhannesson skrifar kostulega grein sem nefnist „Hvað kostar að tala íslensku?“ þar sem hann reynir að meta til fjár kosti og galla þess að viðhalda íslenskunni sem aðaltungu þjóðarinnar. Gísli Jónsson fjallar um íslensk nöfn kennd við Krist, annars vegar, og Þór, hins vegar, og sýnir fram á að vinsældir nafngiftanna haldast nú á dögum lítt í hendur við kristinn eða heiðinn átrúnað.

Af þessum stiklum má sjá að efni Greina af sama meiði er fjölbreytilegt og er víða drepið niður þótt uppsprettan sé ætíð hin sama: íslensk fræði og tunga. Greinasafn þetta er þess eðlis að fáir munu líklega lesa það frá upphafi til enda í einni striklotu, eins og við til að mynda lesum skáldsögur (nema þeir séu þeim mun áhugasamari um íslensk fræði). Ég trúi því hins vegar að safnið eigi eftir að veita mörgum lesendum bæði ánægju og fróðleik þegar gripið verður til þess og ein og ein grein lesin. Og án efa mun það gagnast mörgum við kennslu og fræðistörf í framtíðinni og má því teljast af því allnokkur fengur.

Soffía Auður Birgisdóttir